



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 323

Ólafur Þórðarson

(1913 – 2003)

húsgagnabólstrun
Stórholti 19, Reykjavík

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 323

Ólafur Þórðarson (1913-2003)

húsgagnabólstrun **Stórholti 19, Reykjavík**

Ólafur Þórðarson fæddist á Framnesvegi 7, Reykjavík, 3. janúar 1913. Hann lést 21. nóvember 2003. Foreldrar hans voru hjónin Maren Guðmundsdóttir húsmóðir og fiskverkandi, fædd á Skarfanesi í Landsveit, Rangárvallasýslu, 18. október 1874, dáin 29. ágúst 1952 og Þórður Stefánsson netagerðarmaður og seglasaumari í Reykjavík, fæddur í Núpstúni í Hrunamannahreppi, Árnessýslu, 28. janúar 1870, dáinn 29. janúar 1954. Ólafur átti fjögur systkini.

Ólafur kvæntist, 16. ágúst 1936, Guðjónu Friðsemd Eyjólfsdóttur, fædd í Hafnarfirðir 21. maí 1914, dáin 12. júlí 2003. Foreldrar hennar voru Ástríður Elísabet Magnúsdóttir húsmóðir og fiskverkakona í Hafnarfirði, síðar ræstingakona í Reykjavík, fædd í Hafnarfirði 1890, dáin 1974 og Eyjólfur Eyjólfsson sjómaður í Hafnarfirði, síðar bifreiðarstjóri í Reykjavík, fæddur á Gufuskálum í Gerðahrepp 1887, dáinn 1963. Þau Guðjóna hófu búskap í húsi foreldra Ólafs á Framnesvegi 7. Þar eignuðust þau synina Gunnar (1938) og Marinó (1945). Árið 1948 fluttu þau í nýja íbúð í Stórholti 19, sem var heimili þeirra alla tíð síðan. Þar fæddist þeim dóttirin Ástríður (1948). Guðjóna lést 12. júlí 2003 og í kjölfarið tók heilsu Ólafs að hraka.

Ólafur ólst upp á Framnesveginum og nam húsgagnabólstrun hjá Erlingi Jónssyni bólstrara í Reykjavík. Ólafur stofnaði til eigin atvinnureksturs við húsgagnabólstrun ásamt öðrum í kjallara húss Málarans á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Ólafur flutti heimili sitt og eiginkonu í Stórholt 19 árið 1948, en þar byggði Byggingasjóður verkamanna íbúðir á félagslegum grunni. Stuttu eftir byggði Ólafur þar bílskúr og flutti húsgagnabólstrun sína í hann. Ólafur bjó í Stórholtinu til dánardægurs og var með atvinnu sína þar allan tímann.

*Heimild: m.a. minningargrein um Ólaf Þórðarson,
Morgunblaðið 3. desember 2003.*

Dóttir Ólafs, Ástríður Ólafsdóttir, afhenti skjalasafn Ólafs Borgarskjalasafninu í Reykjavík 2006. Einnig er að finna í þessu safni skjöl Ástríðar í einni öskju.

Sjá einnig einkaskjalasafn nr. 40, Byggingafélag Verkamanna (BVR).
Viðbót við skjalasafn Ólafs Þórðarsonar var með í skjalasafni Byggingafélagsins, 2010.

Skjalaskrá

Askja 1

Heillaóskaskeyti, samúðarskeyti, jólakort, boðskort og afmæliskort 1927-2004.
Fermingarskeyti 1927 og heillaóskaskeyti á afmælum 3. jan. ár hvert.
Heillaóskaskeyti til Ólafs á brúðkaupsdegi hans 1936.
Fermingaóskaskeyti til Marínós Ólafssonar 1959.

Askja 2

Skattframtöl og söluskattsframtöl ásamt rekstrar- og efnahagsreikningum,
húsgagnavinnustofa Ólafs Þórðarsonar 1942-1965, 1967-1968 og 1975-2000. Ýmis fylgiskjöl
með framtölum og rekstrarreikningum ásamt bréfasamskiptum við skattyfirvöld.

Askja 3

Sjóðbækur: jan. 1973 – des. 1976, 1977 – 1980, jan. 1981 – des. 1984, jan. 1985 – feb.
1989, mars 1989 – des. 1992, jan. 1993 – des. 1996.
Sjóðdagbók 1943 – 1988 og önnur 1989 – 1992.
Færslubók fyrir virðisaukaskatt (VSK) 1993-1996.

Askja 4

Heimilisbókhaldsbók Ólafs frá árinu 1935-1940. Frumbækur og fylgiskjöl húsgagnabólstrunar
Ólafs Þórðarsonar 1950, 1955, 1960, 1965 og 1970.

Askja 5

Fylgiskjöl húsgagnabólstrunar Ólafs Þórðarsonar og frumbækur 1975, 1980, 1985 og 1990.

Askja 6

Fylgiskjöl og frumbækur 1995 og 2000.

Askja 7

Sjóðdagbók og rekstraruppgjör 1943, 1944, 1969 – 1988. Prentað efni 1950-1990: Leikskrár,
kynningarbæklingar, fréttabréf.

Askja 8

Skjöl Ástríðar Ólafsdóttur (211148-3659) dóttur Ó. Þ. Fylgiskjöl 1995, 2000.

Askja 9

Jólakort 1957-1995.

*Skráð í janúar 2007,
Bernharður Kristinsson*

Viðbót við skjalasafn Ólafs Þórðarsonar.

Var með í skjalasafni Byggingafélags Verkamanna (BVR), sjá einkaskjalasafn nr. 40.

Bréfa- og málafn, bókhald, 1948-2000

Askja 10

Örk 1

Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna hækkaðra félagsgjalda, október 1972.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna útreikninga á fasteignagjöldum, febrúar 1973.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna mánaðargreiðslna, 29. júní 1973.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna viðhaldsbeiðna, án árs.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna, útreikningar á fasteignagjöldum, febrúar 1974.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna, breyting á mánaðargreiðslum, september 1974.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna viðhaldsverkefna, febrúar 1977.
Bréf frá félagsstjórn til Á. Ó. vegna ógreiddra félagsgjalda, 15. nóvember 1978.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna gerðar kostnaðaráætlana fyrir árið 1998, desember 1977.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna vegna viðhaldsbeiðna (eyðublað), 1978.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna, beiðnablað, 3. janúar 1981.
BVR, kostnaðar- og framkvæmdaáætlun, 1981.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna, beiðnablað, 4. janúar 1982.
BVR, sundurliðun gjalda, 1989.
Bréf frá félagsstjórn til félagsmanna og samþykktar tillögur á aðalfundi félagsins 29. nóvember 1988.
Aðalfundur BVR 22. nóvember 1997, fundarboð, dagskrá, ársreikningur 1996 o.fl.
BVR félagstíðindi, lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, án árs.
BVR félagstíðindi, 1978-1980.

Örk 2

Umslag merkt R-4935.
Í því eru gögn merkt bifreiðinni R-4935:
Sjóvátryggingafélag Íslands h.f. Ábyrgðartrygging 1962-1968.
Sölutilkynning R-4935. Ólafur Þórðarson kaupir bifreið af Karólínu Smith, 1963, 2 eintök.
Veðbókarvottorð, 1963.
Skráningarskírteini. Bifreiðaskoðun 1965-1966.
Tollstjórinn í Reykjavík. Bifreiðaskattur 1965-1967.
Veðbókarvottorð, 1967.

Bifreiðin R-13524.

Afsal bifreiðarinnar R-13524. Ólafur Þórðarson kaupir af Þorvaldi Hannessyni, 1966.
Vátryggingafélagið h.f. Ábyrgðartrygging 1966-1970.
Samvinnutryggingar. Ábyrgðartrygging 1970.
Tollstjórinn í Reykjavík. Bifreiðagjöld 1966-1970.

Bifreiðin R-36763.

Skrásetningarskírteini, bifreiðaskoðun 1981-1982.

Umslag merkt Sumarbústaður.

Í því eru gögn merkt, Ármót við Hólmsland; Ólafur Þórðarson:
Sjóvátryggingafélag Íslands h.f. Brunatrygging, 1942-1943.
Almennar Tryggingar h.f. Brunatrygging, 1947-1950.
Tollstjórinn í Reykjavík. Fasteignaskattur, 1949-1950.

Bæjarsjóður Reykjavíkur. Bréf og kvittun fyrir fasteignagjöld, 1951.
Bókhald: Reikningar fyrir efniskaupum, byggingarefni, pípulögnum, málningu, o.fl. 1941-1948.

Byggingarfélag Verkamanna Reykjavík. Efnahags- og rekstrarreikningur 1977-1988, ár vantar.

Húsgagnabólstrun Ólafs Þórðarsonar, frumbók, 1. mars 1943 til 17. desember 1958.

Askja 11

Húsgagnabólstrun Ólafs Þórðarsonar, frumbók, 4. september 1961 til 4. desember 1997, ár vantar.

Launamiðar, álagning og skattagreiðslur, fasteignagjöld, tryggingar, lífeyrissjóður, tryggingastofnun, söluskattur, virðisaukaskattur, bifreiðaskoðunar og bifreiðagjöld, rekstur bifreiðar, hiti, rafmagn, sími o.fl., 1948-2000.

Askja 12

Sjóðbók, fasteignagjöld, tryggingar, söluskattur, virðisaukaskattur, bifreiðaskoðunar og bifreiðagjöld, rekstur bifreiðar, efniskaup, sími o.fl., 1966-1973.

Sjóðbók, fasteignagjöld, staðgreiðsla skatta, virðisaukaskattur, efniskaup o.fl. 1987-1989.

Byggingafélag verkamanna, mánaðargjöld Stórholti 19, 1948-1978.

*Skráð í maí 2010,
Gréta Björg Sörens dóttir*